

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/503**  
**komudagur 12.12.2005**



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið  
Selma Hafliðadóttir,  
f.h. félagsmálanefndar  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. desember 2005

Tilvísun : 2005110038

Vísað er til bréfs dags. 22 nóvember 2005 þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 26. mál.

Barnaverndarstofa hefur fyrst og fremst hlutverki að gegna samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002, þ.e. í barnaverndarmálum eins og þau eru skilgreind í þessum lögum. Almennt má segja að til afskipta barnaverndaryfirvalda geti komið þegar grunur leikur á að aðbúnaður barna sé óviðunandi og foreldrar ráði ekki við foreldrahlutverk sitt. Í þessu ljósi telur Barnaverndarstofa mjög mikilvægt að samfélagið hugi vel að almennri grunnþjónustu við öll börn sem tryggi velferð þeirra og styrki foreldra í uppeldishlutverkinu um leið. Barnaverndarstofa telur leikskóla almennt mjög mikilvægan fyrir öll börn vegna þess þroskandi starfs sem þar fer fram og undirbúnings undir frekara skólastarf. Stofan myndi vilja sjá umræðu um rétt barna til leikskólamenntunar frekar en rétt foreldra til aðgangs að leikskóla. Réttur barns til leikskólamenntunar leiðir hugann að leikskólaskyldu að einhverju marki og um leið gjaldfrjálsu leikskóla. Barnaverndarstofa telur heppilegt að fram fari frekari stefnumarkandi umræða að þessu leyti með forgöngu menntamálaráðuneytis í samstarfi við félagsmálaráðuneyti.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu

  
Hrefna Friðriksdóttir